

vöxtum af kr. 219.885.80 frá 1. janúar til 22. mars 1969, af kr. 50.000 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 100.000 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 150.000 frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 695 fyrir birtingu og endurrit, kr. 64.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtu-aðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, og kr. 2.000 fyrir aðfararbeiðni.

Af hálfu gerðarþola er mættur Magnús Guðmundsson fulltrúi. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt kröfurnar.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, hraðfrystihúsi við Bárugötu nr. 8—10, Akranesi, ásamt öllu tilheyrandi svo og lóðarréttindum.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 25. mars 1977.

Nr. 183/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

**Ólafi Inga Ingimundarsyni**

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

Svo sem í héraðsdómi getur, var mál þetta höfðað gegn tíu mönnum. Er því skotið til Hæstaréttar eingöngu að því er varðar ákærða Ólaf Inga Ingimundarson. Eru brot þau, sem honum eru gefin að sök, greind í þrem ákæruskjölum, dags. 20. maí, 18. og 27. ágúst 1975.

## I.

Ákæra 20. maí 1975.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt sunnudagsins 12. ágúst 1973 tekið bifreiðina R 10106 í heimildarleysi við Ásgarð 7 í Gardahreppi og undir áhrifum áfengis ekið henni nokkurn spöl. Í héraðsdómi eru rakin gögn þau, er þetta ákæruatriði varða. Segist ákærði sökum ölvunar sinnar litt muna eftir ferðum sínum þessa nótt og ekki minnst þess að hafa brotið gluggarúðu í bifreiðinni og ekið henni. Hann dragi þó ekki í efa, að framburður kunningja síns um þetta ákæruatriði sé réttur.

Með hliðsjón af framburði kunningja ákærða, Svavars Heimis Guðjónssonar, og ákærða sjálfsv og því, að jakki hans fannst í bifreiðinni R 10106, eftir að þeir félagar hlupu frá henni, þykir ekki varhugavert að telja fram komnar nægar sannanir fyrir töku ákærða á bifreiðinni og akstri hennar, eins og að framan greinir.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerst brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, 2. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en af hálfu ákæruvalds hefur því verið lýst yfir, að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi ekki við um brot ákærða, er hér greinir, enda hafi eigi reynst unnt að taka úr honum blóð til alkóhólákvörðunar.

Taka ber til greina skaðabótakröfu Einars Siggeirssonar, eiganda bifreiðarinnar R 10106, 2.000 krónur, enda hefur ákærði samþykkt að greiða hana á móti Svavari Heimi.

Af Einari Siggeirssyni hafa hvorki verið teknar skýrslur

fyrir rannsóknarlögreglu né dómi. Þá hafa lögreglumenn þeir, er á vettvang fóru og handtóku Svavar Heimi, eigi komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Ber að finna að þessu.

2. Að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst 1973 í heimildarleysi tekið bifreiðina Í 197 við Túngötu 20 á Ísafirði og undir áhrifum áfengis ekið henni víðsvegar um götur bæjarins.

Er málavöxtum lýst í hinum áfrýjaða dómi, og hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þessi. Reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1.86‰.

Brot þau, er undir þessum tölulíð greinir, varða við sömu lagaákvæði og að framan getur undir 1 að öðru leyti en því, að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga á hér við í stað 3. mgr.

3. Við málflutning fyrir Hæstarétti féll ríkissaksóknari frá ákæruatriðum á hendur ákærða um ölvun og óspektir á almannafæri, bæði á Ísafirði fimmtudaginn 30. ágúst 1973 og á Hótel Esju í Reykjavík laugardaginn 2. febrúar 1974. Koma sakargiftir þessar því ekki til álita hér fyrir dómi.

## II.

Ákæra 18. ágúst 1975.

Ákærða er hér gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í tvo báta, er lágu í Ísafjarðarhöfn, m/b Orra og m/b Víking III., og stolið úr hirslum í fyrrgreinda bátnum sex glösum af morfíni, þrem sprautum og glasi með ópíumtöflum í, en úr þeim síðarnefnda sex glösum af morfíni.

Hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þessi og segist hafa notað lyfin ásamt kunningjum sínum, en einn þeirra, Bragi Jónsson, ber, að þeir tveir, ákærði og hann, hafi í félagi framið þjófnaðinn um borð í m/b Orra.

Varða þessi brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er ekki gefið að sök að hafa í annan tíma tekið lyf ófrjálsri hendi um borð í m/b Orra, svo sem að er vikið í héraðsdómi. Kemur það því ekki til álita í máli þessu.

## III.

Ákæra 27. ágúst 1975.

Með ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 undir áhrifum áfengis ekið bifreið sinni, R 2598, „skamman spöl eftir Skólagötu á Ísafirði, er bifreiðinni var ýtt í gang“.

Málsatvikum þessa ákæruatriðis er lýst í héraðsdómi. Ákærði hefur ekki viljað kannast við að hafa stjórnað bifreiðinni, er henni var ýtt í gang, eins og félagar hans, Þröstur Jónsson og Árni Guðmundsson, bera. Kveðst ákærði hafa verið mjög ölvaður, er hann og félagar hans komu að bifreiðinni greinda nótt, enda reyndist blóðsýni, er úr honum var tekið, innihalda 2.09‰ af alkóhóli. Ekki kannast hann við að hafa gefið neina skýrslu fyrir lögreglu nótt þessa, en lögð hefur verið fram í rannsókn málsins skýrsla um yfirheyrslu á ákærða klukkan 0540. Er hún undirrituð af Torfa Einarssyni lögreglumanni og vottfest. Segir í skýrslunni, að ákærði hafi verið óstöðugur á fótum, þvöglumæltur og frásögn hans samhengislaus. Þá er m. a. eftirfarandi skráð í skýrslunni: „Vorud þér að aka bifreið? Já. Hvaða bifreið? R-2598. . . . Hvert vorud þér að fara? Setja bifreiðina í gang, er þeir Árni Guðmundsson og Þröstur Jónsson ýttu henni í gang, hef ekið á.g. 5 metra þá tók Árni við“.

Með samhljóða framburðum þeirra Árna Guðmundssonar og Þrastar Jónssonar bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi svo og með hliðsjón af greindri lögregluskýrslu þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi stjórnað bifreiðinni undir áhrifum áfengis í því tilviki, sem greinir undir þessum tölulið.

Varðar brot þetta við 2. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengisлага.

Það athugast, að hvorki lögreglumaður sá, Ólafur Sigurvinsson, er handtók ákærða og féлага hans framangreinda nótt, né Torfi Einarsson lögreglumaður voru kvaddir fyrir dóm.

## IV.

1. Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, upp-

kveðnum 9. mars 1972, var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 20. gr., 254. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og gegn 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Með brotum þeim, sem greinir í máli þessu, hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómur frá 9. mars 1972 fjallar um, og þau, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli því, sem hér er til úrlausnar. Ber að til taka refsinguna samkvæmt 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuðir.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki gerst brotlegur við lög eftir 9. apríl 1975. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi býr ákærði nú í Bolungarvík með konu og tveim börnum þeirra kornungum. Er hann sagður stunda vinnu sína vel. Þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu hennar og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

2. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt miðað við 17. maí 1975, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í sakadómi Ísafjarðar við rannsókn ákæruatriðis þess, er greinir undir III að framan. Afhenti hann þá dómara ökuskirteini sitt.

3. Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýj-  
aða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 50.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði, Ólafur Ingi Ingimundarson, sæti fangelsi 8 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður

falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða, greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málflytningislaun verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. mars 1976.**

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins, í fyrsta lagi með ákæru I, dagsettri 26. september 1973, á hendur Árna Guðmunds-syni, Smiðjustíg 10, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og Má Óskarssyni, Aðalstræti 42, Ísafirði, fæddum þar í bæ 3. október 1954, fyrir að taka í heimildarleysi, aðfaranótt föstudagsins 22. júní 1973 ásamt piltinum P. V. S. dráttarvél skammt frá Suðureyri við Súgandafjörð, og gegn ákærða Árna fyrir að aka henni undir áhrifum áfengis, þar til ákærði Már tók við akstrinum, en eiganda vélarinnar tókst að stöðva akstur hans inn með Súganda-firði, og voru lögreglumenn einnig til kvaddir.

Telur ákæruvaldið báða ákærðu hafa gerst brotlega við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Árna jafnframt við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærði Árni jafnframt til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og báðir til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru II, dagsettri 20. maí 1975, á hendur Ólafi Inga Ingimundarsyni sjómanni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum 15. júlí 1950 í Reykjavík, fyrir að taka í heimildarleysi tvívegis í ágúst 1973 bifreiðar og aka þeim verandi undir áhrifum áfengis, þ. e. aðfaranótt sunnudagsins 12. ágúst

bifreiðina R 10106 við Ásgarð 7 í Garðahreppi og aka henni nokkurn spöl, þar til eiganda hennar tókst að stöðva akstur hans, og aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst bifreiðna Í 197 við Túngötu 20 á Ísafirði og aka henni víðsvegar um götur bæjarins, þar til akstri lauk á Suðurgötu vegna afskipta lögreglu.

Telur ákærvaldið þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Enn fremur fyrir að vera fimmtudaginn 30. ágúst 1973 og laugardaginn 2. febrúar 1974 ölvaður og með óspektir á almannafæri, í fyrra skiptið á Ísafirði og síðara skiptið á Hótel Esju í Reykjavík.

Telur ákærvaldið þetta varða við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

Krefst ákærvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í þriðja lagi er málið höfðað með ákæru III, dagsettri 18. ágúst 1975, á hendur: 1. Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, 2. Niels Jónssyni, Hlíðarvegi 26, Ísafirði, fæddum þar í bæ 27. febrúar 1954, 3. Erni Jónssyni, Sundstræti 35 A, Ísafirði, fæddum þar í bæ 29. mars 1953, 4. Kristjáni Sveinbjörnssyni, Aðalstræti 22, Ísafirði, fæddum þar í bæ 21. maí 1948, 5. Ólafi Inga Ingimundarsyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum í Reykjavík 15. júlí 1950, 6. Braga Jónssyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum þar í bæ 15. desember 1947, fyrir eftirtalin brot:

#### I.

Ákærða Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa skömmu eftir miðjan marsmánuð 1974 brotist inn í kortaklefa m/b Fagraness í Ísafjarðarhöfn og stolið þar úr lyfjakistu 6 glösum af morfini ásamt tilheyrandi sprautum.

Enn fremur aðfaranótt sunnudagsins 23. júní 1974 farið um borð í m/b Víking II., m/b Guðnýju og m/b Fagranes í Ísafjarðarhöfn, þar sem ákærði hugðist stela morfini, en hann varð frá að hverfa án þess að finna nokkuð.

## II.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Niels Jónssyni er gefið að sök að hafa skömmu eftir miðjan marsmánuð 1974 brotist inn í kortaklefa m/b Víkings II. í Ísafjarðarhöfn og stolið þar 6 sprautuhylkjum af morfíni.

## III.

Ákærðu Árna Guðmundssyni, Niels Jónssyni og Erni Jónssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 17. júní 1974 farið um borð í m/b Þrist við bryggju í Hnífsdal og stolið þar lyfjakistu úr björgunarbáti og poka með neyðarblysum, en lyfjakistan hafði að geyma m. a. 6 sprautuhylki af morfíni.

## IV.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Erni Jónssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1974 farið um borð í breskan togara í Ísafjarðarhöfn og stolið þar pappahólk, sem innihélt m. a. sex sprautuhylki af morfíni.

## V.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 20. október 1974 brotist inn í klefa skipstjórans á m/b Flosa í bátahöfninni á Ísafirði og stolið þar sex sprautuhylkjum af morfíni úr lyfjakistu bátsins.

## VI.

Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa föstudaginn 20. júní 1975 stolið átta glösum af morfíni í sjúkraskýlinu á Bolungarvík.

## VII.

Ákærða Niels Jónssyni er gefið að sök að hafa snemma í júnímánuði 1974 stolið gúmmíbjörgunarbáti, köfunartækjum og neyðarblysum um borð í hraðbáti í Ísafjarðarhöfn.

## VIII.

Ákærðu Ólafi Inga Ingimundarsyni og Braga Jónssyni er gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í Orra í Ísafjarðarhöfn og stolið þar sex glösum af morfíni, þremur sprautum og glasi með ópíumtóflum.

## IX.

Ákærða Ólafi Inga Ingimundarsyni er gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í m/b Víking III. í Ísafjarðarhöfn og stolið þar sex glösum af morfíni.

Þykir ákæruvaldinu allir framangreindir verknaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður, sem lýst er í ákærulið I, síðari málsgrein, þykir varða við 244. gr., sbr. 20. gr. nefndra laga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í fjórða lagi er málið höfðað með ákæru IV, dagsettri 27. ágúst 1975, á hendur Þresti Jónssyni sjómanni, Hlíðarvegi 26, Ísafirði, fæddum 24. apríl 1957 á Flateyri, Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og Ólafi Inga Ingimundarsyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum 15. júlí 1950 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 2598, þ. e. ákærði Ólafur Ingi skamman spöl eftir Skólagötu á Ísafirði, er bifreiðinni var ýtt í gang, ákærði Árni þaðan að Ósbrú og ákærði Þröstur þaðan í Miðtún, þar sem aksturinn var stöðvaður af lögreglu.

Telur ákæruvaldið háttsemi allra ákærðu varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Gegn ákærða Þresti er málið enn fremur höfðað fyrir eftirgreind brot:

I. Fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. nóvember 1974 bifreiðinni Í 597 um götur á Ísafirði án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu og á allt að 100 km hraða miðað við klst. á Hafnarstræti, en hálka og myrkur var á.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 3. mgr. 38. gr., 49. gr., 1. og 3. mgr., stafliði a, b og i, og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

II. Fyrir að aka undir áhrifum áfengis um og eftir miðnætti aðfaranótt mánudagsins 7. apríl 1975 bifreiðinni R 2598 um götur á Ísafirði og í Hnífsdal og aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1975 bifreiðinni Í 597 af Hlíðarvegi inn á Tungötu.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar,

til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í fimmta lagi er málið höfðað með ákæru V, dagsettri 29. október 1975, á hendur Kristjáni Sveinbjörnssyni, Aðalstræti 22, Ísafirði, fæddum þar í bæ 21. maí 1948, Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, Gunnari Atla Överby, Hlíðarvegi 51, Ísafirði, fæddum 26. október 1952 í Florö, Noregi, og Hirti Júlíussyni, Fjarðarstræti 4, Ísafirði, fæddum 10. ágúst 1950 á Akranesi, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

#### I. Tékkaðvik.

Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1974 gefið út eftirgreinda tékka á ávísanareikning sinn nr. 1021 við Landsbanka Íslands, útibúið Ísafirði, án þess að nóg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og notað síðan tékkana í viðskiptum í Reykjavík, nema annars verði getið, með eftirgreindum hætti:

1. A Nr. 550421, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 27. september 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Olúfélaginu h/f.

2. A Nr. 19673, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 2. október 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af ákærða sjálfum.

3. A Nr. 556450, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 3. október 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af ákærða sjálfum.

4. A Nr. 636342, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 21. desember 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Landssímastöðinni á Akureyri.

5. A Nr. 641429, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á tóbaksvörum á Reykjavíkurlflugvelli.

6. A Nr. 641430, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

7. A Nr. 641431, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, sama notkun og greinir í 6. lið.

8. A Nr. 641432, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borgartúni 32.

9. A Nr. 641433, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember

1974, útgefinn til Hótels Esju til greiðslu á veitingum eða annarri þjónustu.

10. A Nr. 641434, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður í viðskiptum við veitingahúsið Útgarð h/f.

11. A Nr. 631437, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsi-bæ.

12. A Nr. 641440, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 20. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

13. A Nr. 641441, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

14. A Nr. 641442, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borg-artúni 32.

15. A Nr. 631443, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

16. A Nr. 641444, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 30. desember 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Gúmmívinnustofunni h/f, Skipholti 35.

17. A Nr. 641445, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

18. A Nr. 641447, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

19. A Nr. 641448, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

20. A Nr. 641449, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 31. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

21. A Nr. 641450, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

Telur ákærvaldið háttsemi ákærða Kristjáns, sem að framan er rakin, varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II. Þjófnaðarbrot.

1. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni og Árna Guðmundssyni er í félagi gefið að sök að hafa þriðjudagsnóttina 1. apríl 1975 brotist inn í húsakynni Félagsbakarísins á Ísafirði og stolið þar kr. 1.900 í peningum, nokkru magni af konfektum, peningakassa með smámynt og reikningum og fjórum 50 kg sekkjum af strá-sykri.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa, sunnudagskvöldið 20. júlí 1974 brotist inn í Niðursuðuverksmiðjuna h/f, Torfnesi, Ísafirði, og stolið þar tveim kössum af frystri rækju.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa þriðjudaginn 12. ágúst 1975 stolið úr bifreiðinni G 7764, sem stóð fyrir utan Björnsbúð á Ísafirði, tveim flöskum af áfengi.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni og Gunnari Atla Överby er í félagi gefið að sök að hafa mánudagsnóttina 22. september 1975 brotist inn í Íshúsfélag Ísfirðinga h/f og stolið þar úr kjötgeymslu einum dilkaskrokk, einu naukslæri og tveimur kindahausum.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni, Hirti Júlíussyni og Gunnari Atla Överby er í félagi gefið að sök að hafa mánudagsnóttina 6. október 1975 reynt að brjótast í þjófnaðarskyni inn í áfengisút-sóluna við Aðalstræti á Ísafirði, þar sem lögreglumenn komu að þeim, þar sem þeir höfðu tekið loftspjald úr glugga í kjallara hússins, og handtók þá.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er svo loks gefið að sök að hafa í septembermánuði 1975 slegið eign sinni á kr. 30.000 í peningum, sem ákærði fann á götu við Esso-Nesti á Ísafirði, og eytt þeim að hluta í eigin þarfir, áður en lögreglumönnum tókst að leggja hald á peningana.

Telur ákærvaldið þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga.

Krefst ákærvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í sjötta lagi er málið höfðað með ákæru VI, dagsettri 10. nóvember 1975, á hendir:

1. Má Óskarssyni, Aðalstræti 42, Ísafirði, fæddum þar í bæ 8. okt. 1954,

2. Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og
3. Hirti Júlíussyni, Sólögötu 9, Ísafirði, fæddum á Akranesi 10. ágúst 1950, fyrir eftirgreind brot:

## I. A.

Ákærða Má Óskarssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1974 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni í 796 frá Ísafirði áleiðis til Bolungarvíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans fyrir utan Búð í Hnífsdal.

Telur ákærvaldið þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

## I. B.

Ákærða Má er gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 30. ágúst 1974 brotist inn í raftækjaverslunina Neista í Hafnarstræti á Ísafirði og stolið þar lítilli talstöð. Einnig síðar sömu nótt inn á raftækjaverkstæðið Raf, en ákærði hvarf þaðan án þess að taka nokkuð.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, síðara tilvikið, sbr. 20. gr. sömu laga.

## I. C.

Ákærða Má er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 8. október 1974 brotist ásamt piltinum Benedikt Skúlasyni inn í apótekið á Ísafirði og stolið þar 2—3 þúsund krónum í peningum og nokkru af lyfjum.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## II.

Ákærða Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 7. júlí 1973 brotist inn í stýrishúsið á m/b Gissuri hvíta í Ísafjarðarhöfn og stolið þar haglabyssu og riffli.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

## III.

Ákærða Hirti Júlíussyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 undir áhrifum áfengis ekið vöru-bifreið, sem Rafveita Ísafjarðar á, víðsvegar um götur Ísafjarðar.

Telur ákærvaldið þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

#### IV.

Ákærðu Mía Óskarssyni og Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa fimmtudaginn 18. janúar 1973 brotist inn í Alþýðuhúsið á Ísafirði og stolið þar peningum, kr. 34.000, og litlum peningakassa.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu Mía Óskarssyni og Hirti Júlíussyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brotist inn í káetu, lest, brú og eldhús í m/s Fagranesi í Ísafjarðarhöfn og stolið þar 47 flöskum af áfengi, sem áttu að fara með skipinu til Þingeyrar, 5—7 þúsund krónum í peningum, 5—6 kartonum af vindlingum og nokkru af öli og sælgæti.

Telur ákærvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Krefst ákærvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og ákærðu Mía Óskarsson og Hjörtur Júlíusson enn fremur til ökuleyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1. Ákærði Árni Guðmundsson:

1973 20/8 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 3/3 á Ísafirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. mgr. 73. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

1973 7/5 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 19/11 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

2. Ákærði Mía Óskarsson:

1971 30/11 á Ísafirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 257. gr. laga nr. 19/1940 og 21. gr. áfengislaga.

1971 30/11 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 60. gr. umferðarlaga.

1972 24/3 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 10/5 á Ísafirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum o. fl., sbr. lög nr. 69/1936.

1972 13/7 á Ísafirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

3. Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson:

1972 9/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 18/2 1974, dómsbirting.

4. Ákærði Niels Jónsson:

1971 10/11 á Ísafirði: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 1. nóvember 1971.

1972 18/3 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 22/3 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1972 26/4 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1973 7/5 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

5. Ákærði Örn Jónsson:

1971 á Ísafirði: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26/3 1971.

1971 18/10 á Ísafirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 21/3 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

6. Ákærði Kristján Sveinbjörnsson:

1966 28/4 á Ísafirði: Áminning fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

1969 22/10 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 24/11 1969.

1969 4/9 á Ísafirði: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 51., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

- 1970 3/12 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 26/1 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26/1 1973.
7. Ákærði Bragi Jónsson:
- 1965 í S.-Múlasýslu: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1965.
- 1967 15/12 á Ísafirði: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu. Greiði Báru h/f, Eskifirði, skaðabætur, kr. 27.292.
- 1969 5/12 á Ísafirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1974 21/2 á Ísafirði: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24/7 1973.
8. Ákærði Þröstur Jónsson:
- Hefur hvorki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.
9. Ákærði Gunnar Atli Överby:
- 1969 17/9 á Ísafirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 17/9 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1971 26/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1971 16/6 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 5/6 á Ísafirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 4/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
10. Ákærði Hjörtur Júlíusson:
- 1967 29/5 á Akranesi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1973 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/3 1973.

Málavextir.

### Ákæra I.

Að morgni föstudagsins 22. júní 1973 hringdi Friðjón Guðmundsson, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, til lögreglunnar á Ísafirði og óskaði lögregluaðstoðar vegna dráttarvélarþjófnaðar. Kvað hann ölváða menn frá Ísafirði hafa stolið frá sér dráttarvél og ekið henni inn með Súgandafirði, en hann hefði elt mennina í bifreið og náð þeim og tekið af þeim dráttarvélina. Lögreglumenn fóru á móti Friðjóni og mættu honum í Botni í Súgandafirði, þar sem hann var með öðrum manni, og höfðu þeir meðferðis fjóra menn frá Ísafirði, sem stolið höfðu dráttarvélinni. Voru það ákærðu Árni Guðmundsson og Már Óskarsson ásamt Páli Sigurðssyni úr Reykjavík og Reyni Erni Eiríkssyni úr Kópavogi. Við yfirheyrslu í sakadómi sama dag viðurkenndu ákærðu ásamt Páli Sigurðssyni að vera valdir að dráttarvélarþjófnaðinum. Kváðust þeir hafa verið við drykkju í húsi á Suðureyri nóttina áður, en þangað hefðu þeir farið með leigubifreið. Þeir hefðu svo um nóttina gengið inn Súgandafjörð og séð þá dráttarvél. Hefðu þeir komið sér saman um að taka vélina traustataki, utan Reynir Örn, sem ekki hefði viljað taka þátt í athæfi þessu. Hefðu þeir síðan tengt saman kveikjuþræði vélarinnar og síðan ekið af stað inn fjörðinn. Kváðu þeir ákærða Má hafa ekið, en töldu jafnframt, að ákærði Árni hefði ekið lítils háttar, en þeir þrír hefðu hjálpast að því að setja vélina í gang. Þeim félögum var tekið blóð til alkóhól-mælingar, og reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða Árna vera 1.57‰, en í blóði ákærða Má 0.39‰.

Friðjón Guðmundsson krafðist skaðabóta fyrir dráttarvélina, kr. 2.500, og samþykktu ákærðu ásamt Páli Sigurðssyni þá kröfu.

### Ákæra II.

1. liður.

Klukkan 0235 sunnudaginn 12. ágúst 1973 var óskað aðstoðar að Ásgarði 7, Garðahreppi. Sá, sem óskaði aðstoðar, var Einar Siggeirsson, s. st., og var það vegna þess, að rétt áður hafði bifreið hans, R 10106, verið sett í gang og ekið af stað, en hann náð að hindra frekari akstur, þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 50 metra.

Sagði Einar tvo unga pilta hafa verið í bifreiðinni, greinilega undir áhrifum áfengis, og hefðu þeir hlaupið frá sér og horfið sér sjónum. Hefði sá, sem sat undir stýri, verið dökkhærður, síðhærður og í lopapeysu.

Vindrúða í hægri framhurð bifreiðarinnar reyndist hafa verið brotin til að komast inn í bifreiðina, en í henni fundust lykklar, sem gengu að kveikjulás hennar, og kvaðst Einar ekki eiga lykla þessa. Þá fannst skilríkjalaus jakki í bifreiðinni.

Var þegar tekið að svipast um eftir piltum þessum, og fundust þeir síðar um nóttina við húsið nr. 4 við Hraunhóla í Garðahreppi. Er lögreglumenn komu að húsinu, hljóp sá, sem klæddur var þverröndóttu peysunni, á hrott og hvarf, en hinn, sem var áberandi ölvaður, var fluttur til yfirheyrslu á lögreglustöð. Kvaðst piltur þessi heita Heimir Guðjónsson, til heimilis að Hraunhólum 4, Garðahreppi. Neitaði hann í fyrstu að svara spurningum, en kvað þann, sem með sér hefði verið, heita Ólaf Inga Ingimundarson, Faxatúni 26, Garðahreppi, með aðsetri að Hnífsdalsvegi 8, Hnífsdal. Síðar viðurkenndi Heimir að hafa verið í bifreiðinni R 10106 fyrr um nóttina.

Klukkan 1100 sama dag mætti til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði Ólafur Ingi Ingimundarson, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, ákærði í máli þessu. Kvaðst hann hafa verið við vindrykkju hjá Heimi Guðjónssyni að Hraunhólum 4 kvöldið áður. Hafi þeir Heimir drukkið úr tveim flöskum af ákavíti og hafi þeir verið orðnir blindfullir, er þeim datt í hug að fara út. Kvaðst ákærði lítið muna eftir ferðum þeirra, en þó hefðu þeir ætlað að fá sér leigubíl, sem þeir hefðu þó ekki fengið. Næst kveðst ákærði muna eftir sér heima hjá Heimi og hafi hann þá séð hvíta lögreglubifreið og þá hlaupið í burtu, sjálfsagt af því að hann hafi vitað sig hafa gert eitthvað af sér. Síðar hafi hann svo farið heim til Heimis og sofnað þar. Hafi hann þá verið jakkalaus og ekki vitað, hvar hann týndi honum. Ákærða var sýndur jakkinn, sem fannst í bifreiðinni R 10106, og kvaðst hann eiga jakkann, en kvaðst ekki þekkja lyklna, sem fundust í bifreiðinni. Ekki sagðist ákærði muna eftir að hafa brotist inn í bifreiðina, en kvað það geta verið, þar eð hann hafi verið mikið fullur.

Sama dag kl. 1420 mætti Heimir Guðjónsson til yfirheyrslu. Greindi hann svo frá, að þeir, hann og ákærði, hefðu nóttina áður brotið rúðu í hvíttri Cortina bifreið utan við húsið Ásgarð 7, Garðahreppi. Báðir hefðu þeir verið mikið ölvaðir. Kvað Heimir sig minna, að Ólafur hefði brotið litla hliðarrúðu og þannig opnað bifreiðina. Lykla kvaðst Heimir hafa fundið í litlum kassa í hólfi bifreiðarinnar og hefðu þeir gengið að svissinum. Ólafur hafi sest undir stýri, ræst bifreiðina og síðan ekið nokkra metra, uns eig-

andi bifreiðarinnar hafi komið og stöðvað þá. Taldi Heimir þá og hafa farið inn í aðra bifreið við Löngufit, en hún hafi ekki farið í gang, en Ólafur hafi stýrt henni.

Ákærði Ólafur Ingi var enn yfirheyrður sama dag. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa ekið bifreiðinni R 10106, en kvaðst ekki efast um að hafa gert það, þar eð Heimir segði það. Ítrekaði ákærði, að hann hefði verið mikið drukkinn og kvaðst ekki muna atburðarás næturinnar. Kvaðst hann samþykkja að greiða helminginn af 2.000 kr. skaðabótakröfu eiganda nefndrar bifreiðar.

Ákærði kom fyrir rétt í sakadómii Ísafjarðar hinn 18. febrúar 1974 og staðfesti þá lögregluskýrslur um málið í öllum atriðum og kvaðst engu hafa við að bæta. Skaðabæturnar kvaðst hann þó eigi hafa greitt ennþá.

## 2. liður.

Klukkan 0330 laugardaginn 18. ágúst 1973 voru lögreglumenn á Ísafirði á eftirlitsferð. Á Sundstræti urðu þeir varir við bifreið, sem ekið var niður fyrir sláturhús KÍ, og virtist sem reyna ætti að fela bifreiðina. Þegar hafa átti tal af öikumanninum, ók hann fram hjá lögreglumönnunum á töluverðri ferð og sinni engum stöðvunarmerkjum. Var honum veitt eftirför, og náðist hann skömmu síðar. Reyndist bifreiðin vera í 197 og ökumaður hennar Ólafur Ingi Ingimundarson, ákærði, og hafði hann stolið bifreiðinni skömmu áður við húsið nr. 20 við Túngötu. Eigandi bifreiðarinnar sótti hana skömmu síðar og sagði hana óskemmda. Hafði bifreiðin verið opin og með kveikjúláslyklum í, þegar ákærði tók hana. Kvað ákærði þá Má Óskarsson og Árna Guðmundsson hafa verið með sér, þegar hann tók bifreiðina, en hann var einn á ferð, þegar hann var tekinn. Tekin var af ákærða skýrsla um meinta ölvun við akstur, og einnig var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt þeirri skýrslu kvaðst hann hafa drukkið margar tegundir af áfengi fyrir aksturinn í Félagsheimilinu í Hnifsdal og kvaðst einnig hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kom fyrir rétt í sakadómi 16. nóvember 1973 og staðfesti þá lögregluskýrslur um málið og kvað þær réttar. Kvaðst hann og hafa tekið bifreiðina í 197 traustataki og ekið henni sem leið liggur vestur Túngötu, suður Hafnarstræti og Aðalstræti og síðan beygt inn á Sundstræti, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn. Var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða. Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera 1.86‰.

## 3. liður.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 1973, var ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson staddur í apótekinu á Ísafirði þann sama dag og veittist þá að konu, sem þar var, með ósæmilegu orðbragði. Spurði hann konuna m. a. að því, hvort hún væri að fá pilluna fyrir dóttur sína, 14 ára gamla, og lét þess og getið, að fólk þetta ætti bággt, sem borgin sæi fyrir. Konan spurði þá ákærða, hvort hann væri að tala við sig, og kvað hann það vera. Sló þá konan ákærða utanundir, og gerði ákærði sig þá líklegan til að slá konuna, en gengið var á milli. Krafðist konan skaðabóta og eins þess, að ákærði yrði látinn sæta refsingu. Fyrir rétti hinn 31. ágúst 1973 viðurkendi ákærði að hafa verið að gantast eitthvað við konu þessa, en mundi lítið, hvað þeim hafði farið á milli, nema hvað konan hefði slegið sig í andlitið. Skaðabætur neitaði ákærði að greiða vegna atviks þessa.

## 4. liður.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 2. febrúar 1974, var óskað aðstoðar að Hótel Esju vegna ölvaðs manns. Var þar handtekinn mjög áberandi ölvaður maður, sem reyndist vera ákærði.

## Ákæra III.

## I. liður.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Ísafirði, dagsettri 3. apríl 1974, kvaðst Árni Guðmundsson, ákærði samkvæmt þessum ákærulið, hafa brotist inn í m/s Fagranes, þar sem það lá í Ísa-fjarðarhöfn. Hefði þetta verið í kringum 18. mars s. á. og hefði Árni Pétur Guðjónsson verið með sér. Þeir hefðu farið inn um glugga í brú skipsins stjórnborðsmegin, en síðan inn í kortaklefa skipsins, þar sem meðalakassi skipsins var geymdur, og hefðu lyklarnir staðið í skranni. Hefðu þeir tekið úr kassanum 6 morfín-glös, sem þeir síðan hefðu farið með til Bolungarvíkur og neytt þar. Ákærði staðfesti framanritað fyrir rétti hinn 3. apríl 1975. Kvaðst ákærði þá ekki geta sagt til um, hvor þeirra Árna Péturs hafi átt hugmyndina að innbrotinu.

Hinn 24. júní 1974 gaf ákærði Árni skýrslu hjá lögreglu, þar sem hann kannaðist við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 23. júní s. á. að afloknum dansleik farið um borð í m/b Víking II. Kvaðst hann hafa tætt upp gúmmibátinn og tekið upp lyfjakassann, en komist að raun um, að ekkert morfín var í honum. Hafi hann þá haldið yfir í m/b Guðnýju, en þar hafi sama sagan endurtekið sig.

Loks hafi hann farið um borð í m/b Fagranes, losað lokið af kistunni utan um gúmmibátinn og farið að skera upp seglið utan af bátnum. Í þann mund hafi komið bíll, og kvaðst ákærði þá hafa falið sig bak við kistuna, en síðan haldið á brott.

Fyrir rétti hinn 3. apríl 1975 staðfesti ákærði það, sem hér að framan greinir. Taldi hann sig hafa valdið talsverðum skemmdum á björgunarbátum m/b Víkings II. og m/b Guðnýjar, en taldi sig ekki hafa skemmt bátinn í m/b Fagranesi. Kvaðst hann reiðubúinn að bæta það tjón, sem hann hefði valdið, eftir því sem geta stæði til.

## II. liður.

Ákærðu Árni Guðmundsson og Niels Jónsson brutust inn í m/b Víking II. í Ísafjarðarhöfn. Fyrir rétti hinn 3. apríl 1975 kannaðist ákærði Árni við innbrot þetta og taldi sig hafa átt hugmyndina að innbrotinu. Hafi þeir Niels verið drukknir í þetta sinn. Kvaðst ákærði Árni hafa verið á skipinu áður og hafa vitað af lyfjakistu í brú þess.

Ákærði Niels Jónsson kom fyrir rétt hinn 4. apríl 1975. Kvað hann þá Árna hafa brotið rúðu í stýrishúsi m/b Víkings II. og þeir skrifið síðan báðir inn. Hefðu þeir farið í lyfjakistu skipsins og tekið þaðan 6 sprautuhylki af morfíni. Síðan hafi verið farið heim til föður Árna og þaðan út í Heimabæ í Hnífsdal, þar sem morfínsins var neytt.

## III. liður.

Aðfaranótt hins 17. júní 1974 fóru þeir ákærðu Árni Guðmundsson, Niels Jónsson og Örn Jónsson um borð í m/b Þrist, þar sem báturinn lá í Ísafjarðarhöfn. Datt ákærðu í hug að ná sér í morfín úr björgunarbáti m/b Þrists. Fóru ákærði Árni upp á stýrishús m/b Þrists og tók björgunarbátinn upp úr kistu, sem hann var geymdur í, og rétti þeim Erni og Niels. Ristu þeir bátinn upp á þilfari m/b Þrists. Tóku þeir lyfjakistu björgunarbátsins og fóru með hana upp að Ísfirðingi og opnuðu hana þar. Í kistunni voru m. a. sex túbur af morfíni, sem ákærðu skiptu á milli sín. Héldu þeir síðan að Austurvegi 14, þar sem þeir reyndu að nota morfínið. Skömmu síðar voru þeir reknir út. Fóru þá ákærðu Árni og Niels með leigubíl niður að höfn og fóru aftur um borð í m/b Þrist. Köstuðu þeir björgunarbátnum í sjóinn. Þóka með neyðarblysum, sem þeir tóku úr m/b Þristi, settu ákærðu í farangursgeymslu leigubílsins. Síðar gáfu þeir bílstjóranum blysin.

## IV. liður.

Aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1974 fóru ákærðu Árni Guðmundsson og Örn Jónsson um borð í breskan togara í Ísafjarðarhöfn. Um borð í togaranum tóku þeir pappahólk og höfðu með sér í land. Í pappahólk þessum reyndust m. a. vera sex sprautuhylki af morfíni ásamt einhverju af pillum. Neyttu ákærðu morfínsins að Aðalstræti 22.

## V. liður.

Sunnudaginn 20. október 1974 var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um innbrot í m/b Flosa, sem lá í bátahöfninni. Hafði morfíni verið stolið úr lyfjakistu skipsins. Sama dag hafðist upp á þjófnum, sem reyndust vera ákærðu Árni Guðmundsson og Kristján Sveinbjörnsson. Viðurkenndu þeir að hafa um nóttina farið um borð í m/b Flosa og stolið þaðan sex sprautuhylkjum af morfíni. Hefðu þeir sprengt upp hurð fyrir klefa skipstjórans. Síðan hefðu þeir opnað skúffu í klefanum og tekið morfínið þaðan. Þeir hefðu síðan neytt fjögurra skammta heima hjá föður Kristjáns, en tveim skömmtum skiluðu þeir aftur.

## VI. liður.

Föstudaginn 20. júní 1975 var ákærði Kristján Sveinbjörnsson á ferð í Bolungarvík. Fór hann þá m. a. í sjúkraskýlið á staðnum þeirra erinda að verða sér úti um lyfseðil. Þar eð enginn var í sjúkraskýlinu, en húsið opið, gekk ákærði inn. Fór hann inn á lækningastofuna og úr kæliskáp, sem þar var, tók hann kassa með átta glösum af morfíni. Hafði ákærði síðan samband við lækninn á staðnum, sem neitaði ákærða um umbeðinn lyfseðil. Hélt hann að því búnu til Ísafjarðar, og þar neytti hann tveggja skammta af morfíni ásamt öðrum, eftir að hann hafði orðið sér úti um sprautu í þeim tilgangi.

## VII. liður.

Að morgni sunnudagsins 9. júní 1974 varð þess vart, að trillu bátur var á reki yfir undir svonefndum Básam. Við athugun kom í ljós, að utan Sundahafnar var á reki mannlauz gúmmibátur, og voru í honum loftkútar, köfunarlunga og sundfit. Þekkti lögreglu maður, sem athugaði málið, hluti þessa sem sína eign. Höfðu þeir verið teknir úr hraðbáti lögreglumannsins, en þaðan höfðu og verið teknir tveir eldsneytistankar. Þegar trillan, sem áður getur, var sótt, fundust eldsneytistankarnir í henni. Síðar kom á dag-

inn, að ákærði Niels Jónsson hafði tekið hluti þessa úr hraðbátnum í því skyni að kafa. Setti hann köfunartækin í árabát, sem var bundinn skammt frá, og reri síðan út fyrir grjótgarðinn. Ekki tókst köfunin sem skyldi, og fór þá ákærði upp í bátinn aftur. Henti ákærði gúmmibátnum í sjóinn og blés hann upp. Setti hann síðan köfunartækin í gúmmibátinn og reri honum að garðinum og fór þar í land, en hafði með sér tvö neyðarblys.

#### VIII. liður.

Samkvæmt framburði ákærða Braga Jónssonar í lögreglu-skýrslu fóru þeir hann og ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson um borð í m/b Orra hinn 24. mars 1974. Tóku þeir þar úr lyfjaskúffu sex glös af morfíni, þrjár sprautur og glas með ópiumpillum. Ákærði Ólafur Ingi hefur og borið að hafa átt þátt í þjófnaði úr m/b Orra ásamt ákærða Braga og Árna Péttri Guðjónssyni.

#### IX. liður.

Samkvæmt framburði ákærða Ólafs Inga, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, fór hann um borð í m/b Víking III. hinn 24. mars 1974. Var stolið þaðan sex glösum af morfíni úr skúffu í bestikki skipsins. Morfínsins var síðan neytt í Hnífsdal.

#### Ákæra IV.

Um kl. 0500 aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 varð lögreglumaðurinn, sem var nýkominn heim af vakt, var við, að bifreiðinni R 2589 var ekið inn Seljalandsveg, og var hún ljóslaus. Veitti lögreglumaðurinn bifreiðinni eftirför, þegar henni var ekið til baka um Seljalandsveg og Miðtún. Hafði hann tal af öku-manninum, sem var ákærði Þröstur, og lagði áfengislykt frá vit-um hans. Kvað Þröstur ákærða Árna hafa ekið bifreiðinni inn Seljalandsveg, og játaði Árni því. Þá kvað Árni ákærða Ólaf Inga hafa gangsett bifreiðina og ekið henni fyrstu metrana, en ákærði Árni þá tekið við og ekið inn í fjörð. Allir báru ákærðu ölvunar-einkenni og voru því færðir á varðstofu, þar sem þeim var tekið blóð. Þá voru og teknar af þeim skýrslur um meinta ölvun við akstur, þar sem þeir viðurkenndu að hafa verið við drykkju að Skúlagötu 10 um nóttina. Hefðu þeir drukkið eina flösku af brennivíni og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði Þröstur kom fyrir rétt hinn 25. apríl 1975 og staðfesti þá framanritað. Kvað hann þá ákærðu hafa ákveðið að fara a bifreið ákærða Ólafs Inga, R 2598. Hefðu hann og ákærði Árni

ýtt bifreiðinni, þar sem hún hafi ekki farið í gang, en ákærði Ólafur Ingi hafi setið undir stýri. Hafi bifreiðin þá farið í gang. Ákærði Árni hafi þá tekið við akstrinum og ekið sem leið liggur um Hafnarstræti og inn Seljalandsveg að Brúarnesti. Þar hafi hann, Þröstur, tekið við og ekið út Seljalandsveg og niður í Túnin, sem fyrr er rakið. Var ákærði í þessu þinghaldi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en hann kvaðst hafa álitnið sig án ökuréttinda frá 7. apríl 1975, að hann afhenti lögreglunni ökuskírteini sitt.

Ákærðu Ólafur Ingi og Árni komu fyrir rétt hinn 17. maí 1975. Kvaðst ákærði Ólafur Ingi ekki muna eftir því að hafa sest undir stýri bifreiðarinnar, meðan henni var ýtt í gang. Taldi hann sig hafa sest inn í bifreiðina í umrætt sinn, en síðan sofnað.

Ákærði Árni greindi frá á sama hátt og ákærði Þröstur. Kvað hann ákærða Ólaf Inga hafa setið undir stýri, meðan bifreiðinni var ýtt í gang. Þá viðurkenndi ákværði Árni eigin akstur sem fyrr greinir. Var hann því sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Ákærði Ólafur Ingi kom því næst aftur fyrir rétt og var þá kynntur framburður ákærða Árna. Taldi hann framburð þeirra ákærðu Árna og Þrastar rangan ásamt því, sem greindi í lögreglu-skýrslum. Var ákærði Ólafur Ingi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í þessu þinghaldi.

Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknna reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða Árna vera 2.66‰, ákærða Ólafs Inga 2.09‰ og ákærða Þrastar 1.78‰.

## I.

Aðfaranótt laugardagsins 2. nóvember 1974 hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af ákærða Þresti, sem þá var ökumaður bifreiðarinnar Í 597. Ók ákærði gegnt einstefnu á Silfurgötu, en gaf lögreglu þá skýringu á akstrinum, að hann væri að flýta sér upp á sjúkrahús vegna slasaðs farþega í bifreiðinni. Fékk hann þá að halda áfram. Síðar um nóttina hafði lögreglan enn afskipti af ákærða, er hann ók á mikilli ferð niður Eyrargötu. Var honum veitt eftirför, þar sem hann ók um Fjarðarstræti, Sólgötu og niður Hafnarstræti. Á móts við húsið nr. 7 við Hafnarstræti var ákærða gefið stöðvunarmerki, sem hann ekki sinnti, heldur ók inn á Hafnargötu og niður þá götu, en síðan upp Hafnarstræti. Reynt var að stöðva aksturinn með hljóð- og ljósmerkjum, en án árangurs. Á Hafnarstræti var hraði bifreiðarinnar mældur með því að halda jöfnu millibili milli bifreiðanna, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá 100 km hraða miðað við klukkustund. Var

þeim hraða haldið upp Hafnarstræti. Síðan var beygt inn Hlíðarveg og ekið út hann á mikilli ferð. Á móts við húsið nr. 26 við Hlíðarveg var hemlað, og stókk þá ökumaður ásamt eiganda bifreiðarinnar út úr henni, og hlupu þeir inn í húsið. Bifreiðin rann nokkra metra áfram, en stöðvaðist er hægra framhjól hennar lenti á gangstéttarbrún. Voru ekki höfð frekari afskipti af ökumanninum. Ákærði kannaðist við framanritað fyrir rétti hinn 25. apríl 1975, utan að hann kvað bifreiðina hafa verið stöðvaða, áður en hann fór út úr henni á Hlíðarvegi.

## II.

Aðfaranótt mánudagsins 7. apríl 1975 veittu lögreglumenn at-  
hygli bifreiðinni R 2598, sem ákærði Þröstur ók upp Hafnar-  
stræti. Var bifreiðin stöðvuð og tal haft af ákærða, og lagði þá  
sterka áfengislykt frá vitum hans. Var hann því færður á varð-  
stofu, þar sem tekin var af honum skýrsla um meinta ölvun við  
akstur, og einnig var honum tekið blóð til alkóhólsmælingar.  
Kvaðst ákærði hafa drukkið ca 1 flösku af áfengi og hafa fundið  
til áhrifa áfengis við aksturinn. Fyrir rétti kvaðst ákærði hafa  
ekið í þetta skipti frá Mánakaffi út í Hnífsdal. Þaðan til baka til  
Ísafjarðar. Hafi hann ekið niður Hafnarstræti niður á höfn, en  
síðan upp Hafnarstræti, uns lögreglumenn höfðu afskipti af hon-  
um. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1,88%.

Aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1975 komu lögreglumenn að  
bifreiðinni Í 597 við húsið nr. 20 við Túngötu. Höfðu þeir þar tal  
af eiganda bifreiðarinnar, og kvað hann ákærða Þröst sennilega  
hafa tekið bifreiðina við húsið nr. 26 við Hlíðarveg. Sást þá  
ákærði skammt frá, en tók til fótanna, þegar lögreglumenn hugð-  
ust hafa tal af honum. Hann náðist þó, og á varðstofu viðurkenndi  
hann að hafa tekið bifreiðina traustataki fyrir utan húsið nr. 26  
við Hlíðarveg og ekið henni. Ákærða var því tekið blóð til alkó-  
hólsmælingar. Morguninn eftir var tekin af ákærða lögreglu-  
skýrsla. Samkvæmt henni kvaðst hann hafa tekið bifreiðina Í  
597 fyrir utan húsið heima hjá sér að Hlíðarvegi 26 og tengt fram  
hjá svissinum og þannig komið bifreiðinni í gang. Síðan hefði  
hann ekið niður brekkuna milli Hlíðarvegar 24 og 26 og beygt  
inn á Túngötu. Á móts við Stebbabúð hefði bifreiðin drepið á  
sér og hefði þá eigandi bifreiðarinnar komið þar að. Kvaðst ákærði  
þá hafa hlaupið inn Túngötu, en rétt í því hafi lögreglan komið  
og náð sér. Ákærði kom fyrir rétt hinn 17. maí 1975 og neitaði  
þá að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, þar eð hún hefði aldrei

farið í gang, en ákærði kvaðst hafa látið hana renni niður brekkuna. Þá kvaðst ákærði ekki hafa stolið bifreiðinni, en neitaði að svara, hvort hann hefði fengið hana lánaða. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar hann lét bifreiðina renna. Einnig neitaði ákærði að hafa tengt saman fram hjá svissinum. Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.81‰.

### Ákæra V.

#### I. Tékkasvik.

Ákærði Kristján Sveinbjörnsson gaf út og notaði á árinu 1974 samtals 21 tékka, alla, utan tvo, til handhafa og alla til greiðslu úr ávísanareikningi sínum nr. 1021 í Landsbanka Íslands, Ísa-firði, en innstæða fyrir tékkunum reyndist eigi nóg.

Tékkarnir fengust því eigi innlestir og voru sendir Seðlabanka Íslands til innheimtu, en Seðlabankinn fór þess síðan á leit, að málið yrði tekið til opinberrar meðferðar. Ákærði kom fyrir rétt hinn 11. apríl 1975 og gerði þá grein fyrir umræddum tékkum eftir því sem hann mundi og hér á eftir verður rakið.

1. A Nr. 550421, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 27. september 1974, framseldur af Oliufélaginu h/f. Ákærði mundi ekki, til hvers tékki þessi var notaður.

2. A Nr. 19673, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 2. október 1974, framseldur í banka af ákærða sjálfum, sem ekki mundi, til hvers andvirði hans var notað.

3. A Nr. 556450, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 3. október 1974, framseldur í banka af ákærða sjálfum, sem ekki mundi, til hvers andvirði hans var notað.

4. A Nr. 636342, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 21. desember 1974, framseldur í banka af landssímastöðinni á Akureyri. Ákærði mundi ekki, til hvers tékkinn var notaður.

5. A Nr. 641429, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á tóbaksvörum á Reykjavíkurlflugvelli, en mismuninn hefði hann fengið greiddan í peningum.

6. A Nr. 641430, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 28. desember 1974. Tékkann kvaðst ákærði að líkindum hafa notað til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

7. A Nr. 641431, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Sama notkun og greinir í 6. lið.

8. A Nr. 641432, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember

1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borgartúni 32.

9. A Nr. 641433, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Útgefinn til Hótels Esju til greiðslu á veitingum eða þjónustu.

10. A Nr. 641434, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsibæ.

11. A Nr. 641437, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsibæ.

12. A Nr. 641440, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði gaf tékkann út til Hótels Esju til staðgreiðslu á veitingum eða þjónustu.

13. A Nr. 641441, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa staðgreitt veitingar með tékka þessum, sem framseldur er af Hótel Esju.

14. A Nr. 641442, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa staðgreitt veitingar í veitingahúsinu Borgartúni 32 með tékka þessum.

15. A Nr. 641443, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékka þennan til staðgreiðslu á veitingum að Hótel Esju.

16. A Nr. 641444, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 30. desember 1974. Tékkinn var framseldur í banka af Gúmmivinnustofunni h/f, Skipholti 35, en ákærði mundi ekki, til hvers tékkinn var notaður.

17. A Nr. 641445, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

18. A Nr. 641447, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

19. A Nr. 641448, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

20. A Nr. 641449, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 31. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

21. A Nr. 641450, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31. desember

1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

Ákærði kvaðst reiðubúinn til að greiða fjárhæð tékkanna, jafnskjótt sem hann hefði fjárhagsgetu til þess. Enginn tékkanna hefur verið greiddur ennþá.

## II. Þjófnaðarbrot.

1. Að morgni þriðjudagsins 1. apríl 1975 var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um innbrot í Félagsbakariid á Ísafirði. Hafði verið farið inn um glugga á skúrbyggingu. Stolið hafði verið skiptimynt og fjórum 50 kg sekkjum af strásykri. Spor lágu frá Félagsbakariinu að Skólagötu 10, sem er skammt frá. Kom á daginn, að þeir, sem valdir voru að innbrotinu, voru ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Árni Guðmundsson. Höfðu þeir verið að drykkju að Skólagötu 10 nóttina áður. Urðu þeir þá tóbakslausir og töluðu sig þá saman um að brjótast inn í Félagsbakariid í leit að tóbaki, öli o. þ. u. l. Skreið ákærði Árni inn um glugga, eftir að hleri hafði verið tekinn úr, en opnaði síðan fyrir ákærða Kristjáni. Fóru þeir síðan um bakariid og stálu þar u. þ. b. kr. 1.900 í skiptimynt, sælgæti og peningakassa með smámynt og reikningum. Þá stálu ákærðu og fjórum 50 kg pokum af strásykri. Fluttu ákærðu síðan þýfið yfir að Skólagötu 10 og földu það þar uppi á lofti. Fóru þeir því næst að sofa, en höfðu áður talað sig saman um að þræta fyrir verknaðinn, ef þeir yrðu yfirheyrðir.

2. Að kvöldi sunnudagsins 20. júlí 1975 fór ákærði Kristján Sveinbjörnsson inn í Niðursuðuverksmiðjuna h/f, Torfnesi, og stal þaðan frystri rækju. Var um að ræða tvo kassa af rækju, sem ákærði síðan seldi fyrir áfengi.

3. Mánudaginn 11. ágúst 1975 kl. 1740 var kært til lögreglu á Ísafirði yfir því, að skömmu áður hefði ákærði Kristján Sveinbjörnsson sést taka tvær flöskur af áfengi úr bifreið fyrir utan verslunina Björnsbúð. Hafði eigandi áfengisins skilið það eftir í bifreiðinni. Stuttu seinna sást ákærði taka pakka úr bifreiðinni og hlaupa síðan á brott. Náðist ákærði skömmu síðar, og var hann þá drukinn og neitaði að hafa tekið áfengið. Var hann yfirheyrður nokkrum sinnum vegna þessa. Daginn eftir viðurkenndi ákærði að hafa stolið úr bifreiðinni tveimur flöskum af áfengi og skilaði hann áfenginu.

4. Sunnudagskvöldið 21. desember 1975 voru ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Gunnar Atli Överby að drykkju ásamt fleirum

að Eyrargötu 8, Ísafirði. Um miðnættið fóru ákærðu yfir að Hnífsdalsvegi 8, en einhvern tíma um nóttina fóru þeir þaðan að Íshúsfélagi Ísfirðinga h/f. Þar opnuðu þeir rennihurð og fóru síðan inn í frystigeymslu og stálu þaðan lambskrokk, nautslæri og tveim kindahausum. Þýfið fóru þeir með að Eyrargötu 8, en fluttu það síðan að Aðalstræti 22 og settu það þar í frystikistu.

5. Skömmu eftir miðnætti aðfaranótt mánudagsins 6. október 1975 var lögreglu tilkynnt um menn, sem voru að þaufast bak við áfengisútsölu við Aðalstræti á Ísafirði. Lögreglumenn fóru á staðinn og fundu þá ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Hjört Júlíusson. Kváðust þeir vera að fela sig fyrir ákærða Gunnari Överby. Þarna á staðnum fannst loftspjald, sem tekið hafði verið frá kjallaraglugga, og sög. Síðar viðurkenndu ákærðu, að ætlun þeirra hafi verið að brjótast inn í áfengisútsöluna í því skyni að verða sér úti um áfengi. Skrófuðu þeir í því augnamiði loftspjald frá glugga á húsinu. Kváðust ákærðu hafa verið hættir við tilraunina, áður en lögreglan kom, og þá hafði ákærði Gunnar verið farinn af vettvangi.

6. Ákærði Kristján Sveinbjörnsson skýrði svo frá fyrir dómi hinn 30. september 1975, að hann hefði fundið 30.000 kr. á gangstétt þá skömmu áður. Kvaðst hann hafa slegið eign sinni á peningana, og hafði hann þegar eytt um helmingi peninganna.

## Ákæra VI.

### I. A.

Klukkan 0350 aðfaranótt sunnudagsins 29. desember 1974 höfðu lögreglumenn afskipti af bifreiðinni Í 796. Var bifreiðin stöðvuð fyrir utan Búð í Hnífsdal. Lítils háttar áfengislykt lagði frá vitum ökumannsins, Más Oskarssonar, ákærða samkvæmt þessum ákæru-lið. Var hann því færður á lögreglustöðina og honum þar tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Einnig var tekin af honum skýrsla um meinta ölvun við akstur. Kvaðst ákærði hafa verið á leið frá Ísafirði út í Bolungarvík og hafa drukkið eina flösku af áfengi fyrr um kvöldið. Þá kvaðst hann og hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1.62‰.

### I. B.

Aðfaranótt föstudagsins 30. ágúst 1974 var ákærði Már Óskarsson staddur í Hafnarstræti á Ísafirði, og var hann ölvaður. Gekk ákærði að raftækjaversluninni Neista í Hafnarstræti. Skreið hann þar inn um opinn glugga inn í verslunina. Hafði hann þaðan með

sér á brott litla talstöð. Á heimleið átti ákærði leið fram hjá raf-tækjaverkstæðinu Raf. Sló ákærði spjald úr glugga og fór þar inn. Ruslaði ákærði þar í ýmsu, en fór síðan út án þess að taka nokkuð. Iðraðist ákærði þá gjörða sinna og fór á lögreglustöðina og skilaði þangað talstöðinni.

### I. C.

Aðfaranótt þriðjudagsins 8. október 1974 braust ákærði Már Óskarsson ásamt piltinum Benedikt Skúlasyni inn í apótekið á Ísafirði. Var tilgangur þeirra að verða sér úti um peninga. Fóru þeir inn í kjallara hússins og þaðan upp í verslunina. Tóku þeir þar tvö til þrjú þúsund krónur úr peningakassa verslunarinnar. Einnig tóku þeir allmikið af pillum af handahófi úr versluninni, þegar þeir fundu ekki meiri peninga en að framan getur. Peningunum eyddu þeir, en sumt af pillunum tóku þeir inn.

### II.

Laugardaginn 7. júlí 1973 var lögreglu tilkynnt, að brotist hefði verið inn í m/h Gissur hvíta í Ísafjarðarhöfn og þaðan stolið haglabyssu og riffli. Féll grunur á ákærða Árna Guðmundsson, sem sést hafði á ferð með byssur á götum um morguninn. Talað var við mann, sem ákærði hafði miðað byssu á um morguninn. Ákærði viðurkenndi síðan að hafa brotið rúðu í stýrishúsi bátsins og stolið byssunum þaðan. Fór hann með byssurnar og faldi þær í kjallara hússins nr. 42 við Aðalstræti. Á leiðinni þangað hafði hann miðað byssu á mann, en hún var þó óhlaðin.

### III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brutust þeir Már Óskarsson og ákærði samkvæmt þessum ákærulið, Hjörtur Júlíusson, inn í m/s Fagranes í Ísafjarðarhöfn og stálu þaðan áfengi o. fl. Fór ákærði Hjörtur og náði í vörubifreið, sem Rafveita Ísafjarðar á, en ákærði hafði umráð bifreiðarinnar. Sótti ákærði bifreiðina, sem stóð við Sólögötu, og ók henni niður að höfn. Þaðan ók ákærði að Aðalstræti 42. Ákærði hafði drukkið nokkurt magn af áfengi fyrir aksturinn. Taldi Már hann hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og einnig viðurkenndi ákærði að hafa fundið til áhrifa áfengis.

### IV.

Fimmtudaginn 18. janúar 1973 brutust ákærðu Árni Guðmundsson og Már Óskarsson inn í Alþýðuhúsið á Ísafirði. Fóru þeir

inn í kjallara hússins, en fóru þaðan í miðasölu hússins, og skemmdu þeir dyraumbúnað, bæði í miðasölu og í kjallara. Úr miðasölunni stálu ákærðu kr. 34.000 og auk þess litlum peningakassa. Peningunum eyddu ákærðu í áfengi.

## V.

Aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brutust ákærðu Már Óskarsson og Hjörtur Júlíusson inn í m/s Fagranes í Ísafjarðarhöfn. Átti ákærði Már hugmyndina að innbrotinu, sem ákærði Hjörtur féllst þegar á. Fóru þeir um borð í m/s Fagranes þeirra erinda að stela áfengi, sem þeir vissu af í skipinu. Brutu þeir upp lása fyrir hurðum frammi í skipinu, en fundu ekkert. Einnig voru brotnar hurðir fyrir vistarverum skipverja frammi í skipinu, og taldi ákærði Hjörtur þá féлага valda að þeim skemmdum, en ákærði Már taldi það einnig mögulegt. Báðir voru ákærðu undir áhrifum áfengis. Að þessu búnu fóru ákærðu aftur í skipið. Fóru þeir um dyr af dekkinu inn í skipið. Er inn kom, rótuðu þeir félagar til í eldhúsi skipsins og tóku þar þá peninga, sem þar voru, ásamt einhverju af sælgæti og tóbaki. Þá brutu ákærðu hurð að bestikkinu í skipinu. Er þeir félagar höfðu leitað að áfengi þarna án þess að finna nokkuð, ákváðu þeir að leita í lest skipsins. Tóku þeir því ofan af lestinni, og fór ákærði Már niður í lestina. Rétti hann síðan áfengispakka, sem þar voru, upp úr lestinni, en ákærði Hjörtur tók við þeim. Stálu þeir þarna samtals 47 flöskum af áfengi, en auk þess nokkru af peningum, tóbaki, öli og sælgæti. Fluttu þeir síðan áfengið upp í Edinborgarsund, sem þarna er rétt fyrir ofan. Urðu þeir þá varir við mannaferðir og fluttu þá áfengið til og földu það undir drasli, sem þarna var. Sótti ákærði Hjörtur síðan vörubifreið, sem þeir svo fluttu áfengið á að Aðalstræti 42. Þar tóku ákærðu umbúðirnar utan af áfenginu og fleygðu þeim niður í fjöru neðan Fjarðarstrætis. Áfengið földu þeir síðan í rangölum, sem liggja út frá kyndiklefa í kjallara hússins. Þangað var áfengið sótt, er upp hafði komist um þjófnaðinn.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins, verður niðurstaða þess sem hér segir:

Ákærði Árni Guðmundsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru I og þar er réttilega lýst. Telst enn fremur sannað,

að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru III, I. til V. lið ákærunnar. Er háttsemi ákærða réttilega lýst, utan þar sem segir í III. lið ákærunnar, að m/b Þristur hafi verið við bryggju í Hnifsdal. Af gögnum málsins er ljóst, að m/b Þristur var við bryggju í Ísafjarðarhöfn. Þykir þessi villa þó eigi svo stórvægileg, að hún hafi áhrif á úrslit málsins. Enn fremur telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru IV, fyrsta lið. Þá telst og sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru V, II., þjófnaðarbrot, 1. lið. Loks telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru VI, II. og IV. lið. Háttsemi ákærða er í öllum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Verður því orðið við kröfum ákæruvaldsins í málinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Ákærði hefur jafnan verið samvinnuþýður við rannsókn mála og ávallt greint skilmerkilega og undanbragðalaust frá málavöxtum og með því auðveldað mjög rannsóknina. Þykir mega virða þessa framkomu ákærða honum til hagsbóta. Þá hefur ákærði og sýnt vilja til að bæta fyrir hegðun sína og m. a. stundað atvinnu með eðlilegum hætti. Þykir verða að hafa hliðsjón af framansögðu við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 8. tölu-lið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu þykir mega fresta fullnustu refsingar ákærða og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.500, til Friðjóns Guðmundssonar, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, ásamt ákærða Má Óskarssyni. Dæma ber og ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 51.300, til Alþýðuhúss Ísfirðinga, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni.

Svipta ber ákærða ökuleyfi í 1 ár frá 17. maí 1975 að telja, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Már Óskarsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru I og þar er rétt lýst. Enn fremur telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem lýst er í ákæru VI, lið I A, I B, I C, lið IV og lið V. Er háttsemin færð til rétttra refsíákvæða í öllum tilvikum, og ber því að verða við kröfum ákæru-

valdsins í málinu. Við yfirheyrslur skýrði ákærði greiðlega frá brotum sínum og auðveldaði þannig mjög rannsókn málanna. Þá hefur önnur hegðun ákærða og verið með ágætum frá því upp komst um brot hans. Þykir mega meta þessa hegðun ákærða honum til hagsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Með hliðsjón af framansögðu þykja rök standa til að fresta megi fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.500, til Friðjóns Guðmundssonar ásamt ákærða Árna Guðmundssyni.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 51.300, til Alþýðuhúss Ísfirðinga, Ísafirði, ásamt ákærða Árna Guðmundssyni.

Líta verður svo á, að hvorki hafi við frumrannsókn á innbroti og þjófnaði úr m/s Fagranesi hinn 23. janúar 1975 né síðar við rannsókn máls þess komið í ljós, svo óyggjandi verði talið, að ákærðu Már Óskarsson og Hjörtur Júlíusson hafi stolið þar peningum úr tösku stýrimanns. Verður ekki talið, að bótakrafa vegna hvarfs þessara peninga sé studd nægum og óyggjandi rökum. Ber því að hafna henni, þar eð ekki þykir fært að tefja sakamálið vegna þessa. Bótakröfu Djúpbátsins h/f, Ísafirði, ber því að lækka um framangreinda fjárhæð, kr. 3.500. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða skaðabætur, kr. 135.766, til Djúpbátsins h/f, Ísafirði, ásamt ákærða Hirti Júlíussyni.

Við rannsókn á innbroti og þjófnaði úr m/s Fagranesi, sem fyrr getur, hefur ekki verið leitt í ljós, svo óyggjandi sé, hvert tjón Þorgríms Guðnasonar matsveins varð. Er bótakrafa hans og mjög óljós og óákveðin. Hafa ákærðu Már og Hjörtur fallist á að greiða Þorgrími Guðnasyni kr. 1.500 til 2.000. Verður ekki talið, að í málinu hafi verið færð fram þau rök fyrir bótakröfunni, að fallast beri á hærri bætur. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða skaðabætur, kr. 2.000, til Þorgríms Guðnasonar matsveins, Ísafirði, ásamt ákærða Hirti Júlíussyni.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá 1. febrúar 1975 að telja, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málsókn gegn honum leiðir.

Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru II, fyrri lið, ákæru III, VIII. og IX. lið, og ákæru IV, fyrsta lið.

Fyrir hönd ákærða hefur verið krafist sýknunar af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákæru IV, fyrsta lið. Er sýknukrafan studd þeim rökum, að ekki sé í málinu stuðst við framburð vitna, heldur einungis framburð meðákærðra og að ekki hafi verið gætt rétttra reglna við skýrslutöku í málinu. Þá hefur því og verið haldið fram, að atvikum sé ranglega lýst í ákæru.

Gegn þessum rökum þykir þó verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins framburð meðákærðu Þrastar Jónssonar og Árna Guðmundssonar, enda verður ekki séð, að nokkuð það hafi komið fram í málinu, sem geri framburð þeirra tortryggilegan. Lögregluskýrsla, sem einnig er á byggt í málinu, er undirrituð af lögreglumanninum Torfa Einarssyni og vottuð af lögreglumanninum Ólafi Sigurvinssyni. Gögn þessi eru samhljóða, og þykir ekki verða fram hjá þeim gengið, en þau talin veita fullnægjandi sönnun fyrir því, að ákærði hafi setið undir stýri, meðan bifreiðinni var ýtt í gang. Þá verður eigi á það fallist, að atvikalýsing í ákæru sé röng, þar eð telja verður öruggt, að bifreiðinni hafi verið ýtt eftir Skólagötu og að bifreiðin hafi staðið við húsið nr. 10 við Skólagötu, þar sem ákærðu voru við drykkju. Hafa ber og í huga, að samkvæmt eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins var hann ofurölvi, er umræddir atburðir gerðust, og minni hans mjög takmarkað.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 9. mars 1972, birtum 18. febrúar 1974, var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins, fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., 254. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Ákærði hefur því rofið skilorð það, sem honum var sett með ofangreindum dómi, og ber nú að ákveða honum refsingu á ný fyrir þau brot, er þar greinir, auk þeirra, sem hann er nú kærður fyrir. Ákærði hefur undanfarið stundað atvinnu með eðlilegum hætti og ekki orðið uppvís að lögbrotum, og verður því að virða hegðun ákærða nú að undanfögnu honum til hagsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Rétt þykir þó eftir atvikum að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðn-

ingu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Réttarrannsókn sú, sem fram fór vegna brota þeirra, sem ákært er vegna í ákæru II, síðari lið, og rakin eru sem 3. og 4. liður ákærunnar hér að framan, virðist hafa verið mjög ófullkomin. Vitni hafa ekki verið yfirheyrð og framlagning skjala vafasöm. Þá er og um að ræða brot, sem telja verður lítilvæg. Af þeim sökum verður ákærði sýknaður af þessum ákæruatriðum. Krafist er og skaðabóta vegna brota þessara. Þykir eigi ástæða til að verða við þeirri kröfu, þar eð kröfugerðin er mjög ófullkomin og óákveðin og eigi í ljós leitt, að efni séu til að öðru leyti að leggja bótaábyrgð á ákærða vegna þessa.

Eigi verður séð, að ákærði hafi greitt skaðabætur til Einars Siggeirssonar, Ásgarði 7, Garðahreppi, svo sem hann hafði lofað. Dæma ber því ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.000, til Einars Siggeirssonar, Ásgarði 7, Garðabæ.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá 17. maí 1975 að telja, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir, þar með talin m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

#### Ákærði Kristján Sveinbjörnsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, V. og VI. lið, ákæru V, lið I, tékkasvik, og lið II, þjófnaðarbrot, 1. til 6. tölulið. Háttsemi ákærða er í öllum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Ákærði hefur í engu bætt háttsemi sína frá því hann framdi afbrot þau, sem hann er nú ákærður fyrir. Hefur hann síðan orðið uppvís að nokkrum brotum. Þá hefur hann enga atvinnu stundað. Ber að taka tillit til þessa við ákvörðun refsingar ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi 60 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. október 1975 með fullri dagatölu. Ekki verður séð, að rök séu til að skilorðsbinda dóminn.

Dæma ber ákærða til að greiða Aðalsteini Guðlaugssyni, Rauðalæk 52, f. h. Röðuls s/f fjárhæð fjögurra tékka, samtals kr. 20.000, Olíufélaginu h/f fjárhæð eins tékka, kr. 1.000, veitingahúsinu Borgartúni 32 fjárhæð tveggja tékka, samtals kr. 10.000. Dæma

ber ákærða til að greiða Andrési J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, andvirði kindaskrokks, kr. 6.360, og Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, andvirði 47 kg af nautakjöti, kr. 23.500, hvort tveggja ásamt ákærða Gunnari Atla Överby.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

#### Ákærði Hjörtur Júlíusson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru V, lið II, þjófnaðarbrot, 5. tölulið, og ákæru VI, III. og V. lið. Er háttsemin í öllum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Ákærði hefur nú að undanfögnu mjög gert sér far um að bæta háttsemin sína. Ber að hafa það í huga við ákvörðun refsingar ákærða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Fullnustu refsingar ákærða þykir eftir öllum atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 135.766, til Djúp-  
bátsins h/f, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.000, til Þorgrims Guðnasonar matsveins, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni, hvort tveggja með vísan til þess, sem segir um þátt ákærða Mús.

Með dómssátt, sem gerð var í sakadómi Ísafjarðar hinn 7. janúar 1974, var ákærði sviptur ökuleyfi í 2 mánuði fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengisлага. Er því um ítrekað brot að ræða. Ber því að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 27. janúar 1975 að telja, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

#### Ákærði Gunnar Atli Överby.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru V, lið II, þjófnaðarbrot, 4. og 5. tölulið. Er háttsemin í báðum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Fullnustu refsingariinnar þykir þó eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Með vísan til þess, sem segir um þátt ákærða Kristjáns Sveinbjörnssonar, ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 6.360, til Andrésar J. Jóhannssonar, Fjarðarstræti 33, og kr. 23.500 til Jóns Kristmannssonar, Seljalandsvegi 36, hvort tveggja ásamt ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Niels Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, II., III. og VII. lið. Er háttseminni rétt lýst að undanteknu því, sem segir í III. lið, sbr. það, sem segir um þátt ákærða Árna Guðmundssonar hér að framan. Háttsemin er í öllum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Ákærði hefur ekki orðið uppvis að afbrotum frá því um miðjan júní 1974. Ber að hafa hliðsjón af því við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga. Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Örn Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, III. og IV. lið. Um háttsemi samkv. III. lið gildir þó hið sama og segir um þætti ákærðu Árna Guðmundssonar og Nielsar Jónssonar hér að framan. Háttsemin er í báðum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Fullnustu refsingarinnar þykir þó eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Bragi Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem

honum er gefin að sök og réttilega er lýst í ákæru III, VIII. lið. Er háttsemin færð til réttis refsíákvæðis. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Fullnustu refsingarinnar þykir eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Þröstur Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru IV, öllum liðum ákærunnar. Er háttsemin í öllum tilvikum færð til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Svípta ber ákærða ökuleyfi í 2 ár frá 25. apríl 1975 að telja, að ákærði var svíptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Árni Guðmundsson sæti fangelsi í 7 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Friðjóni Guðmundssyni, Hlíðarvegi 2, Suður-eyri, skaðabætur, kr. 2.500, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði er svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 17. maí 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Már Óskarsson sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Friðjóni Guðmundssyni, Hlíðarvegi 2, Suður-eyri, skaðabætur, kr. 2.500, ásamt Árna Guðmundssyni.

Ákærði greiði Alþýðuhúsi Ísfirðinga skaðabætur, kr. 51.300, ásamt Árna Guðmundssyni.

Ákærði greiði Djúpbátnum h/f, Ísafirði, skaðabætur, kr. 135.766, ásamt Hirti Júlíussyni.

Ákærði greiði Þorgrími Guðnasyni matsveini, Ísafirði, skaðabætur, kr. 2.000, ásamt Hirti Júlíussyni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 1. febrúar 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Einari Siggeirssyni, Ásgarði 7, Garðabæ, skaðabætur, kr. 2.000.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. maí 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Ákærði Kristján Sveinbjörnsson sæti fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 60 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. október 1975 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Aðalsteini Guðlaugssyni, Rauðalæk 52, f. h. Röðuls s/f, kr. 20.000.

Ákærði greiði Olúfélaginu h/f kr. 1.000.

Ákærði greiði veitingahúsinu Borgartúni 32 kr. 10.000.

Ákærði greiði Andrési J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, kr. 6.360 ásamt Gunnari Atla Överby.

Ákærði greiði Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, kr. 23.500 ásamt Gunnari Atla Överby.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Hjörtur Júlíusson sæti varðhaldi í 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Djúpbátnum h/f, Ísafirði, skaðabætur, kr. 135.766, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði greiði Þorgrími Guðnasyni matsveini, Ísafirði, skaðabætur, kr. 2.000, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. janúar 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Gunnar Atli Överby sæti varðhaldi í 20 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Andrésí J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, kr. 6.360, ásamt Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Ákærði greiði Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, kr. 23.500, ásamt Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Niels Jónsson sæti varðhaldi í 25 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Örn Jónsson sæti varðhaldi í 20 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Bragi Jónsson sæti varðhaldi í 10 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Þröstur Jónsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 25. apríl 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.